

109

16. ágúst

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggan hátt undir umsjón nefndar, er skipa sóknarpresturinn í Lágafellssókn, einn starfsmaður við Klæðaverksmiðjuna Álafoss h.f., kosinn af samstarfsmönnum sínum, og einn úr stjórn Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f. Fulltrúi starfsfólksins er oddviti nefndarinnar og geymir skilríki sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn má ekki skerða, fyrr en hann er orðinn kr. 100 000.00, en þá skal honum varið til að koma upp elliheimili að Álafossi og skal það vera fyrir aldrað starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f.

5. gr.

Sjóðurinn annast ekki rekstur elliheimilisins, en viðhald og viðbyggingar skal kosta eftir því, sem kostur er á hverju sinni.

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins skal við hver árslok gera ársreikning hans og birta reikninginn á þann hátt, er nefndarmönnum kemur saman um.

110

20. ágúst

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-tryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Aftan við d-lið 3. gr. reglugerðarinnar kom nýr liður, svo hljóðandi:

43. svæði: Þorlákshöfn

1. marz — 11. maí.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gildir frá 1. marz 1954.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*